

þeim atvikum, að stefndu beri á því fébótaábyrgð. Þegar af þeirri ástæðu ber að sýkna báða stefndu af kröfum stefnanda í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Björn Þ. Guðmundsson dómsformaður kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Einari Thoroddsen yfirhafnsögumanni og Guðna Jónssyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndu, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna Skipaúngerðar ríkisins og Skipaafgreiðsla Jakobs Karlssonar, skulu sýknir vera af kröfum stefnanda, Jóns Vigfússonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 18. janúar 1974.

Nr. 159/1973: **Eigendur og ábúendur jarða, er lönd eiga að Mývatni,**

gegn

**Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs,
Hreppsnefnd Skútustaðahrepps f. h. hreppsins
og eigendum og ábúendum lögbýla í Mývatns-
sveit, sem eigi eru talin eigi lönd að Mývatni.**

Dómendur:

**hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-
varr, Einar Arnalds og Magnús Þ. Toríason og prófessor
Gaukur Jörundsson.**

Kærumál. Eignardómsmál. Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hafa kveðið upp Sigurgeir Jónsson bæjarfógeti, dómari samkvæmt umboðsskrá, ásamt samdómendunum Magnúsi Má Lárussyni háskólarektor og Sigurði Reyni Péturssyni hæstaréttarlögmanni.

Sóknaraðiljar hafa með heimild í 21. gr., 1. tl. b, laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. október 1973, sem Hæstarétti barst 26. s. m. Krefjast sóknaraðiljar þess, að hinn kærði frávísunardómur um aðalkröfu þeirra í héraði verði úr gildi felldur og að varnaraðilja fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs verði dæmt að greiða þeim kærumálskostnað.

Frá varnaraðiljum hafa hvorki borist kröfur né greinargerðir.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, er mál þetta höfðað með opinberri stefnu, útgefinni 13. september 1971, birtri í Lögbirtingablaði 22. s. m. Í stefnu þessari er stefnandi talinn „Veiðifélag Mývatns vegna eigenda og ábúenda jarða við Mývatn“ og því lýst, að hann þurfi að höfða „eignardómsmál“, og hefur málið síðan verið rakið sem slíkt.

Með bréfi til héraðsdóms 22. ágúst 1973, sem lagt var fram á dómþingi sama dag, lýsti lögmaður sóknaraðilja því, að hann breytti „málsaðild aðalréttarkrefjenda þannig, að Veiðifélag Mývatns“ félli „burt sem milliliður“ og að hann krefðist þess, „að eigendum og ábúendum jarða við Mývatn verði tildæmdur rétturinn“. Var þessi breyting samþykkt af hendi varnaraðilja.

Á dómþingi 5. október 1973 var lögð fram skrá um sóknaraðilja málsins og jarðir þær, er þeir töldu skipta hér máli. Samkvæmt skrá þessari eru ábúendur jarðanna Skútustaða I og III taldir meðal sóknaraðilja, en eigandi þessara jarða er ríkissjóður. Hefur varnaraðili fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs krafist frávísunar á aðalkröfum sóknaraðilja sakir skorts á samaðild, en í héraðsstefnu eru þær dómkröfur gerðar, „að dæmt verði, að botn Mývatns og botnsverðmæti öll séu hluti af landareignum þeirra aðilja, er lönd eiga að Mývatni, í óskiptri sameign þeirra, og að engir aðrir en þeir eigi þar eignaraðild“. Undir rekstri málsins í héraði gerðu sóknaraðiljar þá varakröfu, að dæmt yrði, að botn Mývatns og botnsverðmæti öll utan netlaga yrðu dæmd „óskipt í sameign“ þeirra.

Við þingfestingu máls þessa í héraði 29. nóvember 1971

var sótt þing af hendi varnaraðilja. Mótmæltu þeir kröfum sóknaraðilja og höfðu uppi kröfur þær, sem í héraðsdómi greinir. Þeim kröfum vísaði héraðsdómur frá dómi, og hefur sú úrlausn ekki verið kærð til Hæstaréttar.

Af gögnum málsins verður ekki séð, að sóknaraðiljar hafi óskað leyfis héraðsdómara til höfðunar máls þessa með þeim hætti, sem boðið er í 220., sbr. 217. gr. laga nr. 85/1936, og lagt fyrir hann nauðsynleg gögn til stuðnings beiðni sinni um útgáfu eignardómsstefnu. Var héraðsdómara ekki heimilt að gefa út eignardómsstefnuna, fyrr en hann hafði kynnt sér beiðni sóknaraðilja og þau gögn, sem henni áttu að fylgja, og þannig gengið úr skugga um, að fullnægt væri lagaskilyrðum til höfðunar eignardómsmáls, bæði að því er varðaði form og efni, sbr. 220. gr., sbr. 217. og 218. gr. fyrrgreindra laga.

Samkvæmt því, er segir í stefnu málsins, er krafa sóknaraðilja sú, „að dæmt verði, að botn Mývatns og botnsverðmæti öll séu hluti af landareignum þeirra aðilja, er lönd eiga að Mývatni . . .“. Er sú krafa m. a. rökstudd með því í stefnunni, að, „þar sem kyrrstæð eða streymandi vötn ráði landamerkjum samkvæmt landamerkjabréfum, sé það viðtekin regla á Íslandi að fornu og nýju, að bakkaeigendur eigi hvor á móti öðrum að miðju vatnsfalli“. Eigi að síður er sú dómkrafa gerð, eins og að framan greinir, að botn Mývatns og botnsverðmæti verði dæmd í óskiptri sameign sóknaraðilja, og skírskotað til þess, að skipting þeirrar sameignar gæti farið fram síðar.

Eins og nú hefur verið rakið, verður að telja, að brostið hafi lögmælt skilyrði til þess, að sóknaraðiljar höfðuðu mál þetta og rækju sem eignardómsmál samkvæmt 220. gr. laga nr. 85/1936, og hafi héraðsdómara borið að synja um útgáfu stefnu. Ber því þegar af þessari ástæðu að ómerkja héraðsdóminn og málsmeðferð alla og vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og kærumálaskostnaður fellur niður.

Stefnandi máls þessa fékk gjafsókn í héraði með bréfi dómsmálaráðuneytisins 30. september 1971. Í bréfi 28. september 1973 lýsti dómsmálaráðuneytið því, að gjafsókn þessi næði

til „ eigenda og ábúenda jarða við Mývatn“ og skipti breyting sú, sem orðið hefði að þessu leyti, ekki máli. Gjafsóknarkostnaður sóknaraðilja greiðist því úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, sem ákveðst kr. 500.000.00.

Varnaraðili hreppsnefnd Skútustaðahrepps f. h. hreppsins fékk gjafvörn í máli þessu í héraði með bréfi dómsmálaráðu neytisins 12. janúar 1972 og varnaraðiljar, eigendur og ábúendur lögbýla í Mývatnssveit, sem ekki eru talin eiga land að Mývatni, fengu einnig gjafvörn í héraði með bréfi dómsmálaráðuneytisins 30. maí 1972. Gjafvarnarkostnaður þessara aðilja greiðist því úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, sem ákveðst kr. 250.000.00.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði dómur og meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður sóknaraðilja, eigenda og ábúenda jarða, sem lönd eiga að Mývatni, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 500.000.00.

Gjafvarnarkostnaður varnaraðilja hreppsnefndar Skútustaðahrepps f. h. hreppsins og eigenda og ábúenda lögbýla í Mývatnssveit, sem eigi eru talin eiga lönd að Mývatni, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, Guðmundar Skaftasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 250.000.00.

Dómur aukadómpings Þingeyjarsýslu 15. október 1973.

Mál þetta var höfðað fyrir aukadómpingi Þingeyjarsýslu með opinberri eignardómsstefnu, útgefinni 13. september 1971, en málið var þingfest hinn 29. nóvember 1971. Dómur gekk í héraði hinn 15. mars s.l., en honum var með kæru skotið til Hæstaréttar hinn

22. mars s.l. Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 7. maí s.l., var héraðsdómur ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dóms-
álagningar að nýju, þar sem efnisdómur í héraði var lagður á
varakröfu jafnframt því sem aðalkröfu var vísað frá dómi, en
héraðsdómur hafi átt að taka til úrlausnar frávísunaratriði, áður
en til efnisdóms kæmi.

Samkvæmt ákvörðun greinds dóms Hæstaréttar var málið tek-
ið upp að nýju til flutnings um frávísunaratriði málsins, og fór
munnlegur málflutningur um þann hluta málsins fram hinn 5.
þ. m. Var málið tekið til dóms eða úrskurðar að loknum þeim
málflutningi.

Eftir að málið var endurupptekið samkvæmt ákvæðum greinds
dóms Hæstaréttar, breytti stefnandi formi málsaðildar sinnar þann-
ig, að Veidifélag Mývatns fellur niður sem umboðsaðili fyrir raun-
verulega stefnendur málsins, eigendur og ábúendur jarða við Mý-
vatn, og verða þeir því sjálfir beinir málsaðiljar sem stefnendur
málsins. Þessa breytingu á formi aðildar hafa gagnaðiljar sam-
þykkt, og hefur dóms- og kirkjumálaráðuneytið með bréfi, dags.
28. september 1973, breytt gjafsóknarleyfi samsvarandi. Þá hef-
ur lögmaður stefnenda við munnlegan flutning málsins um frá-
vísunaratriði lagt fram símskeyti frá sýslumanni Þingeyjarsýslu
frá 4. október 1973 um jarðir og þinglýsta eigendur jarða, sem
lönd eiga að Mývatni, svo og skrá um alla umbjóðendur hans í
málinu, þ. e. stefnendur málsins. Samkvæmt því eru stefnendur
málsins þessir (viðkomandi jarðir fyrir framan nöfn stefnenda):

Álftagerði I	Gestur Jónasson
Álftagerði II	Dagbjartur Sigurðsson
Álftagerði III	Geir Kristjánsson
Álftagerði IV	Jón Jónsson
Bjarg	Illugi Jónsson
Björk	Kristján Þórarinnsson
Garður I	Árni Halldórsson, Halldór Árnason
Garður II	Þorgrímur St. Björgvinsson, Björgvin Árna- son, Sigurður Jónsson, Árni Jónsson, Sveinn Jónsson, Jódís Jónsdóttir, Jórunn Jónsdótt- ir, Anna Jónsdóttir
Geirastaðir	Jón Stefánsson, Stefán Sigurðsson
Geiteyjarströnd I	Pétur Jónsson, dánarbú
Geiteyjarströnd II	Ágúst Sigurgeirsson
Geiteyjarströnd III	Helgi Þorsteinsson, Þorsteinn Aðalsteins-

Grímsstaðir I	son, Ingunn E. Þorsteinsdóttir, Gunnar Þorsteinsson, Jón Þorsteinsson, Þorsteinn Þorsteinsson
Grímsstaðir II	Helgi V. Helgason, Laufey H. Helgadóttir
Grímsstaðir III	Sigurður Kristinsson, Kristjana Sigfinnsdóttir
Grímsstaðir IV	Haukur Aðalgeirsson, Jóhannes Sigfinnson
Haganes	Steingrímur Jóhannesson
Kálfaströnd	Ívar Stefánsson
Kálfaströnd I	Einar Ísfeldsson
Nónbjarg	Auður Ísfeldsdóttir, Elín H. Einarsdóttir
Reynihlíð	Finnbogi Stefánsson
Reykjahlíð I	Ármann Pétursson
Reykjahlíð II	Óskar Illugason, Jón Illugason
	Jón B. Sigurðsson, Svava Sigurðardóttir, Laufey Sigurðardóttir, Guðrún Sigurðardóttir, Þuríður Sigurðardóttir
Reykjahlíð III	Jón P. Þorsteinsson, María Þorsteinsdóttir
Reykjahlíð IV	Baldur Sigurðsson
Syðri-Neslönd	Jón Sigtryggsson, Sigurveig Sigtryggsdóttir, Guðrún Sigtryggsdóttir
Skútustaðir I	Eigandi ríkissjóður, ábúandi Örn Friðriksson, síra
Skútustaðir II	Yngvi Kristjánsson, Jón Kristjánsson, Óli Kristjánsson
Skútustaðir III	Jón Þorláksson (erfðaábúð, eigandi ríkissjóður)
Vagnbrekka	Freysteinn Jónsson
Víðihlíð	Sverrir Tryggvason
Vindbelgur	Jón Aðalsteinsson, Guðrún Þorsteinsdóttir, Sigurgeir Aðalsteinsson, Þorsteinn Aðalsteinsson
Vogar I	Hallgrímur Þórhallsson, Einar Þórhallsson, Halldóra Þórhallsdóttir
Vogar II	Sigurgeir Jónasson, Guðfinna Stefánsdóttir
Vogar III	Stefán Sigfússon, Hinrik Sigfússon, Jón Árni Sigfússon, Bára Sigfúsdóttir, Valgerður Sigfúsdóttir, Guðfinna K. Sigfúsdóttir
Vogar IV	Þorlákur Jónsson
Ytri-Neslönd	Stefán Axelsson, Björg Stefánsdóttir, Þórarinn Stefánsson, Halldóra Stefánsdóttir.

Í stefnu gera stefnendur þær dómkröfur, að dæmt verði, að botn Mývatns og botnsverðmæti öll séu hluti af landareignum þeirra aðilja, er lönd eiga að Mývatni, í óskiptri sameign þeirra, og engir aðrir en þeir eigi þar eignaraðild og að málskostnaður greiðist úr hendi þeirra aðilja, er halda vilja uppi mótmælum gegn kröfum þessum í málinu.

Við þingfestingu málsins hinn 29. nóvember 1971 risu upp til andsvara dómkröfum stefnenda fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs Íslands, eða eins og segir í greinargerð „— hefur fjármálaráðuneytið ásamt iðnaðarráðuneytinu ákveðið að láta mæta í málinu og gæta þar hagsmuna ríkisvaldsins —“, eigendur og ábúendur lögbýla í Mývatnssveit, sem ekki eru talin eiga lönd að Mývatni, og hreppsnefnd Skútustaðahrepps vegna hreppsins. Allir þeir aðiljar, sem risu til andsvara dómkröfum stefnenda, mótmæltu eignarréttarkröfum stefnenda á þeim grundvelli, að þeir sjálfir ættu hver um sig, að því er tekur til vatnsbotns utan netlaga, — að öllu leyti eða nokkru — verðmæti þau, sem stefnendur kröfðust eignarréttar að.

Af hálfu ríkissjóðs er þess krafist jafnframt því sem kröfum stefnenda er mótmælt, að því er varðar botn og botnsverðmæti utan netlaga, að ríkissjóði verði tildæmdur botn Mývatns utan netlaga með öllum verðmætum í, á og undir botninum, eða að þessi dómsákvörðun komi a. m. k. skýrt og ótvírætt fram í forsendum dómsins. Til vara krefst ríkissjóður þess, að landbelti Skútustaðajarðar og vatnsbotn innan tilgreindra merkja samkvæmt landamerkjalyðsingu verði ekki talin til „sameignar“, ef dómurinn féllist á, að um sameign sé að ræða.

Skútustaðahreppur og eigendur og ábúendur lögbýla í Mývatnssveit, sem ekki eru talin eiga lönd að Mývatni, gera eftirfarandi sameiginlegar kröfur:

Að hrundið verði kröfum ríkisins og stefnenda um eignarrétt að botni og botnsverðmæti Mývatns utan netlaga einstakra jarða.

Að hreppsnefnd Skútustaðahrepps fyrir hönd hreppsins verði dæmdur eignarréttur að botni Mývatns, þar með talinn óskoraður eignarréttur að öllum verðmætum í, á eða undir vatnsbotninum.

Verði framangreind krafa um rétt Skútustaðahrepps yfir hinum umdeildu verðmætum ekki tekin til greina, er af hálfu eigenda og ábúenda lögbýla í Mývatnssveit, sem ekki eru talin eiga lönd að Mývatni, gerð krafa um, að Mývatn utan netlaga einstakra jarða verði dæmt byggðaralmenningur og vatnsbotninn svo og hvers konar gæði á, í eða undir eða yfir vatnsbotninum skuli utan net-

laga einstakra jarða teljast eign allra lögbýla í sveitinni og þar með þeirra.

Þá hafa allir málsaðiljar krafist málflutningslauna og annars kostnaðar sér til handa, varnaraðiljar úr hendi stefnenda. Við munnlegan flutning málsins hinn 26. febrúar 1973 breytti lögmaður Skútustaðahrepps og eigenda og ábúenda jarða í Skútustaðahreppi, sem ekki eru taldar eiga lönd að Mývatni, málskostnaðarkröfum sínum á þá leið, að hann gerði málskostnaðarkröfu úr hendi gagnaðilja, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Áður höfðu stefnendur vegna veitingar gjafsóknar eftir útgáfu stefnu breytt kröfugerð, að því er málskostnað varðar, á þá lund, „að ég geri málskostnaðarkröfu úr hendi hugsanlegs gagnaðila, eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál“.

Undir rekstri málsins gerðu stefnendur varakröfu, og voru dómkröfur þeirra við dómtöku málsins 26. febrúar 1973 svohljóðandi: *Aðallega:* Að dæmt verði, að botn Mývatns og botnsverðmæti öll séu hluti af landareignum þeirra aðilja, er lönd eiga að Mývatni, í óskiptri sameign þeirra, og að engir aðrir en þeir eigi þar eignaraðild.

Til vara: Að sá hluti Mývatns (það er botn ásamt öllum verðmætum í, á og undir botninum), sem fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs gerir kröfu til, að dæmdur verði eign íslenska ríkisins, samanber dómsskjal nr. 147, verði dæmdur óskipt sameign stefnenda. Í báðum tilvikum er þess krafist, að öðrum réttarkrefjendum í máli þessu sé in solidum gert að greiða þeim málskostnað samkvæmt reikningi, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Þá krefst lögmaður stefnenda þess, að honum verði tildæmdur málskostnaður samkvæmt reikningi úr hendi ríkissjóðs sem skipuðum lögmanni gjafsóknarhafa.

Stefnendur, Skútustaðahreppur og eigendur og ábúendur lögbýla í Mývatnssveit, sem eru ekki talin eiga lönd að Mývatni, hafa allir fengið gjafsókn í héraði.

Stefnendur skýra ástæður sínar til málshöfðunar með því, að Alþingi og ríkisstjórn hafi með setningu laga nr. 22/1964 um kísiliðju við Mývatn og framkvæmd þeirra laga slegið eign sinni á botn Mývatns, en þeir telja jarðaeigendur við Mývatn rétta eigendur alls vatnsbotnsins ásamt öllum réttindum í vatninu.

Stefnendur rökstyðja eignarréttarkröfur sínar að öllum botni Mývatns með því, að jörðum þeim, sem eiga bakka vatnsins, hafi alltaf fylgt réttur til Mývatns alls, vatns, veiði, botns og allra verðmæta á, undir og yfir botni vatnsins og hafi réttindi þessi öll

verið í óskiptri sameign allra jarðanna, en þó kemur fram í greinargerð stefnenda, að mjó strandræma hafi þó fylgt hverri jörð. Hafi því löggjafinn ekki haft stjórnskipulega heimild til að setja þau ákvæði vatnalaga eða önnur lagaákvæði, sem takmarki rétt þennan eða veiti hann ríkinu, landsmönnum öllum eða einhverjum takmörkuðum hluta landsmanna að nokkru eða öllu leyti. Þá mótmæla þeir því, að almenningur í stöðuvatni sé sameign landsmanna allra eða tilheyri ríkinu, heldur sýni ákvæði Jónsbókar, að almenningur í stöðuvatni sé sameign þeirra, sem land eigi að vatni.

Þá gera stefnendur grein fyrir því, að þeir hafi í samráði við lögmann ríkisins leitað til jarðaeigenda við veiðivötn um nokkrar upplýsingar um netlög, almenninga o. fl. og að við þeim fyrirspurnum hafi komið svör varðandi ýmis vötn, stór og smá, og hafi svör borist m. a. um Svínavatn, Arnarvatn hið mikla, Löginn (Lagarfljót), Miklavatn, Áshildarvatn, vötn á Auðkúluheiði og á Jökuldalsheiði, en sameiginlegt hafi verið með þessum svörum, að um engan almenning sé að ræða í vötnum; landeigendur eigi vatn og botn hver fyrir sínu landi, þar til merki mætast. Þá leggja þeir fram bréf Þóris Steinþórssonar skólastjóra, áður bónda að Mývatni, en hann var síðar nefndarmaður í yfirmatsnefnd í sambandi við arðskiptingu jarða í veiðifélögum. Þórir telur strandeigendur eina eiga vatnsbotn. Þá leggja stefnendur fram öll faánleg landamerkjabréf jarða í Mývatnssveit og telja það ekki fara á milli mála, að Mývatn „liggi undir“ jarðeignirnar við Mývatn, sbr. orðalag í námulögum.

Stefnendur benda á nokkur atriði í landamerkjabréfum jarða við Mývatn. Kemur þar fram m. a., að Garður sé talinn eiga land út í Mývatn samkvæmt beinni línu norður vatnið og Skútustaðir séu taldir eiga hluta af vatninu samkvæmt tilteknum markalínunum, en þær hafa verið færðar inn á landabréf á dskj. nr. 147 A. Þá kveða þeir með mörgum jarðanna vera upptaldar ýmsar nafngreindar eyjar í vatninu, er séu eign hverrar jarðar um sig. Þá segja þeir enn fremur, að það hafi aldrei valdið neinum ásteitingi eða erfiðleikum hjá strandeigendum, hvernig eignarrétti þeirra að Mývatni hagaði, þrátt fyrir mismunandi orðatilteki í landamerkjabréfum. Þannig sýni samtökin, er hófust með stofnun veiðifélagsins 1905 og ætíð hafi varað síðan, að þau hafi litið á vatnið sem óskipta sameign, en þó að líkindum talið, að sérnýtjar fylgdu næst strönd.

Þá hafa stefnendur gert nokkurn samanburð á löggjöf og dóm-

um á Íslandi og sama efnivið á öðrum Norðurlöndum varðandi svipuð málefni. Þeir hafa og sérstaklega bent á þann mun, er var á stöðu ríkisvalds í Noregi, er Ísland var numið, og á Íslandi, þ. e. að ríkisvald hafi ekki verið fyrir hendi hér. Þá hafa þeir rakið aðdraganda að setningu vatnalaga og ritgerðir og umræður þar að lútandi.

Ríkisvaldið færir fram þær meginmálsástæður, a) að samkvæmt rétttri gagnályktun frá 4. gr. vatnalaga nr. 15/1923 geti engri jörð eða landareign fylgt land lengra út í vatn (vatnsbotn) en sem netlögum nemur, enda sé þá b) engum öðrum til að dreifa um eign og aðild almennings (vatnsbotnsins) utan netlaga heldur en ríkisvaldinu (ríkissjóði).

Ríkisvaldið heldur því fram, að 4. gr. vatnalaga sé stjórnskipulega gild lagaregla og gagnályktun fullkomlega örugg. Landeigendur hafi aldrei átt lengra út í sjó eða vötn en sem netlögum nemur og að ekki sé vitað um neinar „fornar hefðir“ í aðrar áttir og alls ekki við Mývatn. Er þar sérstaklega bent á landamerkjaskrá fyrir Bjarnastaði, þar sem beint sé talað um „fjörurétt og landhelgi“, undirskrifað af oddvita og öðrum fyrirmönnum byggðarlagsins. Rétt þykir hér að taka fram af dómsins hálfu, að merki Bjarnastaða í eða við vatn eiga við Sandvatn. Þá er því haldið fram, að hvorki Skútustaðahreppur né vatnsbakkabændur við Mývatn hafi nokkru sinni gert nokkurn fyrirvara, borið fram mótmæli eða breytingartillögur út af takmörkunum þeim, sem 4. gr. vatnalaga feli í sér (staðfesti), en þeim hafi þó gefist til þess sérstakt tilefni, eftir því sem skýrt hafi verið frá, að sérstök nefnd Mývetninga hafi á sínum tíma verið sett í málið. Sú nefnd hafi látið við það sitja, að strandeigendur yrðu viðurkenndir einkaréttshafar veiðiréttinda, en um landbeltismörk og eignarrétt jarða út í vatnið hafi þeir engar breytingatillögur eða athugasemdir haft fram að færa. Þá er rakinn aðdragandi setningar vatnalaga, sérstaklega að því er 4. gr. varðar, svo og eldri réttarreglur, tilskipun 20. júní 1849, 3. gr., Jónsbók, Landsleigubálkur, 56 kap.

Síðari málsástæðuna, þ. e. að enginn aðili geti átt eignarrétt að almenningi Mývatns nema ríkið, rökstyður ríkisvaldið með tilvitnunum í fræðimenn, konungsúrskurði, tilskipanir og hæstaréttardóma um Landmannaafrétt og Nýjabæjarafrétt svo og erlenda dóma.

Vitnað er í svokallað Hofsstaðabréf frá 1477 og Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 1712, sem hvort tveggja sýni, að í Mývatni hafi verið almenningur, einnig utanhéraðsmanna (ótil-

tekið). Hafi Mývatn því aldrei verið byggðaralmenningur, hvað þá einkaalmenningur. Þá er bent á orðin „landhelgi“, „landbelti“ og „dráttarmál“ einstakra jarða, sem víða komi fram í skjölum málsins og sýni, að óbeint sé viðurkennt, að vatnið þar fyrir utan sé almenningur og að ekki sé um neina sameign að öllu vatninu að ræða.

Ríkisvaldið heldur því fram, að sönnunarbyrðin sé hjá stefndum fyrir því, að þeir hafi gerst eigendur vatns og botns í Mývatni og hvenær og hvernig sú eignartaka hafi farið fram. Er því haldið fram, að þó frásagnir Landnámabókar séu að vísu ekki alls kostar ljósar, bendi þær þó allgreinilega til þess, að Mývetningar hafi ekki numið vatnið í öndverðu. Við Mývatn og í Mývatnssveit sé ekki getið um nein landnám. Af ummælum Landnámabókar megi ráða, að Mývatnslönd hafi ekki verið numin í heild eða samfelld, heldur hafi menn sest að við vatnið hver fyrir sig. Um samfelld eða sameiginlegt landnám við vatnið, þar sem vatnið hefði t. d. orðið „innan í“, hafi þannig ekki verið að ræða. Vitnað er til dóms um Landmannaafrétt frá 1955, m. a. til þess að rökstyðja þá staðhæfingu ríkisvaldsins, að óheimilt sé að álykta út frá veiðirétti í vatni til eignarréttar að vatnsbotni, en samkvæmt dómi þessum hafi bændum og byggðarlögum verið frádæmdur eignarréttur þrátt fyrir bæði beitarrétt og veiðirétt á tilteknum landsvæðum.

Skútustaðahreppur og eigendur lögbýla í Mývatnssveit, sem ekki eru talin eiga lönd að Mývatni, rökstyðja kröfur sínar með því, að fjórðungurinn hafi átt allan rétt til Mývatns utan netlaga og að sveitarfélagið hafi eignast þann rétt, er fjórðungur (síðar amt) lagðist niður sem stjórnarfarsleg eining, en varakröfuna rökstyðja þeir með því, að réttur þessi hafi fallið til allra lögbýla í sveitinni. Rekur lögmaður þessara málsaðilja stöðu fjórðunga í þjóðskipulagi Íslendinga, hlutverk amtanna, ákvæði tilskipunar um byggingu eyðibýla frá 15. apríl 1776 (nýbýlatilskipun), frumvörp til nýbýlalaga 1893 — 1897 og hlutverk fjórðunga og amta. Kemst hann að þeirri niðurstöðu, að eðlilegt sé að telja sveitarfélögin rétta arftaka fjórðunganna að eignaraðild að almenningum. Gerð er m. a. grein fyrir þeirri þróun, að eftir að vald í hreppsmálum hafi áður færst frá hreppsbum til ríkisvalds, færist valdið með tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi frá 4. maí 1872 aftur frá ríkisvaldinu í hendur sveitarstjórna. Þá er bent á það, sem alkunnugt sé, að Mývatn sé inni í miðri byggð, umlukt heimalöndum byggðra jarða á alla vegu, og muni svo hafa verið frá öndverðu. Tíðast

muni almenningur hafa legið að öræfum eða sjó. Þessi almenningur sé eðlilega eign byggðarinnar eða stofnana hennar. Þess vegna hafi ekki þýðingu að vísa til dóma um eignarrétt að hálendi eða almenningi. Spurningin sé því ekki, hvort ríkið sé eigandi að almenningi Mývatns, heldur hin, hvaða stofnun byggðarinnar sé eigandi hans eða fari með umráðarétt yfir honum.

Varðandi það atriði, að í máli þessi hefur mjög verið vísað til erlendra réttarreglna og dóma, bendir lögmaður Skútustaðahrepps og jarðaeigenda í Mývatnssveit, sem ekki eru taldir eiga lönd að Mývatni, á, að hæpið sé að byggja á slíkum reglum, þar sem eðli málsins samkvæmt hljóti réttarreglur um almenning að mótast af aðstæðum í hverju landi og þeirri þjóðfélagsþróun, sem þar hafi átt sér stað. Hann kveður enga beina reglu vera í lögum, sem mæli fyrir um eignarrétt að almenningum. Verði það því að leysast eftir eðli málsins og grundvallarreglum laga.

Í þessu máli hefur verið lagður fram mikill fjöldi skjala. Skal þeirra helstu getið:

Endurrit úr fundargerðabók Veðifélags Mývatn frá stofnun 1905 til ársins 1950. Af lögum eða samþykktum félagsins er ljóst, að tilgangur þess er að stuðla að því að auka og vernda silunginn í vatninu, en ekki sameiginlegur veiðiskapur eða sameiginleg nytjun Mývatns. Ljóst er og, að félagið er ekki veiðifélag í skilningi laga um lax- og silungsveiði.

Álitsgerðir þeirra Einars Arnórssonar, síðar hæstaréttardómara, dr. juris, og Eggerts Claessens yfirréttarlögmanns um veiðirétt í Mývatni.

Álitsgerð Ólafs Jóhannessonar, þáverandi lagaprófessors, frá árinu 1961. Í álitsgerð sinni kemst lagaprófessorinn að þeirri niðurstöðu, að kísilgúr á botni Mývatns innan netlaga tilheyri tvímælalaust þeirri jörð, er netlög fylgja. Hins vegar sé vatnsbotn í stöðuvötnum utan netlaga almenningur landsmanna allra — sé ríkiseign. Kísilgúr á vatnsbotni utan netlaga sé því eign þjóðarheildarinnar, sem löggjafinn geti ráðstafað að vild sinni.

Bréfaskipti forráðamanna Veðifélagsins við forsvarsmenn Kísiliðjunnar og iðnaðarráðuneytið.

Orðsending lögmanns stefnenda til landeigenda við veiðivötn, þar sem óskað er eftir upplýsingum um, hvernig hagi til um veiði og veiðirétt annars staðar á landinu, svör landeigenda og annarra, er til þekkja, ásamt nokkrum fylgiskjölum.

Skrá um stærð stöðuvatna á Íslandi.

Landamerkjabréf fyrir jarðirnar Geirastaði, Ytri- og Syðri-nes-

lönd, Grímsstaði, Reykjahlíð, Voga, Geiteyjarströnd, Kálfaströnd, Garð, Skútustaði, Álftagerði, Haganes, Hofsstaði, Arnarvatn, Gautlönd, Baldursheim, Grænavatn, Litluströnd, Hörgsdal, Bjarnastaði og Helluvað í Skútustaðahreppi auk Hrappstaðasels í Bárðdælahreppi.

Sóknarlýsing Mývatnssveitar (Bókmenntafél.) ca. 1848.

Ljósrit frá Árnasafni v/„almenninga“ og „fjórðungsmenn“.

Samningar um gerðadóm og um verksmiðjulóð v/Kísiliðju.

Ritgerð dr. Halldórs Halldórssonar prófessors um sögnina „að eiga“.

Ýmis vætti um veiðivenjur í öðrum vötnum.

Endurrit úr gjörðabók Skútustaðahrepps.

Ritgerð Jónasar Helgasonar á Grænavatni um silungsveiði við Mývatn.

Nokkur vottorð um venjur og skoðanir um veiðiskap við Mývatn svo og um veiðirétt í Svartárvatni í Bárðardal.

Endurrit af handritum Stefáns Stefánssonar, Ytri-Neslöndum við Mývatn.

Vottorð um veiði utanvatnsmanna í Mývatni.

Beiðni lögmanns ríkissjóðs um öflun lögfræðilegra upplýsinga í Danmörku.

Svar Felix Vangs, hæstaréttarlögmanns í Danmörku, við fyrirspurn lögmanns ríkissjóðs um reglur í Danmörku um eignarrétt að vatns- eða sjávarbotnum svo og námarétt.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns skrifuð og samantekin eftir almúgans tilsógn og undirretting að Skútustöðum við Mývatn þann 30. og 31. Augusti Anno 1712 (Þingeyjarþing eður Þingeyjarsýsla. *Mývatn* heitir hreppurinn.).

Nokkrar lögfestur fyrir Skútustöðum, Vogum og Grænavatni.

Jarðakaupabréf frá 1477 um Hofsstaði og fleiri jarðir.

Landskipti milli Skútustaða og Álftagerðis frá 1849.

Nokkur kaupbréf, ítakabréf og vitnisburðir varðandi jarðir í Mývatnssveit.

Með bréfi, dags. 14. ágúst 1973, gaf dómurinn málsaðiljum kost á að leggja fram „skriflega kröfugerð um frávísunaratriði málsins,“ sbr. hæstaréttardóm frá 7. maí 1973. Lögmaður ríkissjóðs og lögmaður stefnenda hafa af þessu tilefni lagt fram skriflegar kröfur, og lögmaður Skútustaðahrepps og eigenda og ábúenda lögbýla í Mývatnssveit, sem ekki eru talin eiga lönd að Mývatni, hefur látið færa til bókar kröfur umbjóðenda sinna í þessu efni.

Kröfur aðilja í frávísunarbætti málsins eru þessar:

Ríkissjóður gerir þær kröfur, að aðalkröfu stefnenda verði vísað frá dómi. Skútustaðahreppur og eigendur og ábúendur lögbýla í Mývatnssveit, sem ekki eru talin eiga lönd að Mývatni, gera einnig þá kröfu, að aðalkröfu stefnenda verði vísað frá dómi. Stefnendur gera þær kröfur, að frávísunarkröfu varnaraðilja (réttarkrefjenda) verði hrundið svo og að vísað verði frá dómi eignardómskröfum varnaraðilja um botn Mývatns. Loks krefjast varnaraðiljar þess, að frávísunarkröfu stefnenda verði hrundið.

Frávísunarkrafa ríkissjóðs er studd þeim rökum, að þar sem ríkisvaldið hafi sem eigandi prestseturshluta Skútustaða hafnað samaðild að aðalkröfu stefnenda, beri með hliðsjón af 46. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85 frá 1936 að vísa kröfu þessari frá dómi vegna samaðildarskorts.

Frávísunarkrafa Skútustaðahrepps og eigenda og ábúenda lögbýla í Mývatnssveit, sem ekki eru talin eiga lönd að Mývatni, er á því byggð, að stefnendur (vatnsbakkabændur) hafi fullnægjandi og þinglesin heimildarbréf fyrir jörðunum, sem að Mývatni liggja. Heimildarbréf þessi hljóti að taka til þess vatnsbeltis, sem hverri jörð fylgi samkvæmt 4. gr. vatnalaga. Verði því eigi séð, að þá skorti „skilríki fyrir rétti sínum“ til netlaganna, sbr. 220. gr. einkamálalaga, og eigi því krafan um eignarrétt eða sameignarrétt að netlögnum ekkert erindi inn í eignardómsmál.

Stefnendur rökstyðja kröfu sína um frávísun eignardómskröfu varnaraðilja þannig, að þar sem þessar kröfur hafi eigi verið birtar almenningi með opinberri stefnu, geti þeir eigi öðlast eignardóm.

Framkomnum frávísunarkröfum hefur öllum verið mótmælt sem of seint fram komnum af gagnaðiljum.

Allir málsaðiljar voru sammála um að gera ekki sérstakar málskostnaðarkröfur varðandi frávísunarbátt málsins, nema að svo færi, að öllu málinu yrði vísað frá dómi, þá geri þeir málskostnaðarkröfur í samræmi við fyrri bókanir og framlögð gögn.

Stefnendur málsins eru tilgreindir eigendur og ábúendur allra jarða, sem lönd eiga að Mývatni. Ekki hafa í málinu verið lögð fram óyggjandi skilríki fyrir því, hverjir nú séu eigendur eða ábúendur *allra* lendna, sem liggja að Mývatni. Er því ekki fullkomið öryggi fyrir því, að allir eigendur og ábúendur séu meðal stefnenda málsins. Hins vegar hafa gagnaðiljar stefnenda engum mótmælum hreyft vegna þess, að ekki séu lögð fram tæmandi opinber sönnunargögn fyrir því, hverjir séu eigendur og ábúend-

ur allra jarða við Mývatn. Þau ein mótmæli hafa komið fram í þessu sambandi, að dóms- og kirkjumálaráðuneytið vegna prestsseturshluta Skútustaða hafi óheimilað ábúanda umboð til að skuldbinda jarðarpartinn að því leyti sem snertir kröfugerð varðandi netlög fyrir jörðinni, svo sem síðar verður að vikið. Jarðamörk við vatnið hafa verið færð inn á landabréf á dskj. nr. 147, og sést ekki annað samkvæmt því og landamerkjaskrá, sem lagðar hafa verið fram, en að öll strandlengja vatnsins falli undir jarðir þær, sem stefnt er út af, þótt einstakar lóðir kunni að hafa verið úr þeim látnar.

Undir rekstri málsins hafa stefnendur breytt kröfugerð sinni á þá lund, að þeir geri varakröfu (án breytingar á aðalkröfu) um, að sá hluti Mývatns (það er botn ásamt öllum verðmætum í, á og undir botninum), sem fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs gerir kröfu til, að dæmt verði eign íslenzka ríkisins, sbr. dskj. nr. 147, verði dæmdur óskipt sameign stefnenda. Varakrafan sýnist ná til alls vatnsbotnsins utan netlaga samkvæmt vatnalögum.

Dómurinn lítur svo á, að óheimilt sé að breyta stefnukröfum í eignardómsmáli, nema breyting krafna sé birt á sama hátt og með sama fresti og upphafleg stefna, ef breyting felur í sér kröfuauka eða efnisbreytingu. Sé breyting hins vegar einungis fólgin í minnkun kröfu, þ. e. að einskis sé krafist eftir breytinguna, sem upphaflega kröfugerð fól ekki í sér, þá sé opinber birting ónaðsynleg. Jafnframt telur dómurinn varakröfu stefnenda vera þess eðlis, að efni hennar rúmist innan ramma aðalkröfunnar, og sé því sú breyting, sem stefnendur hafa gert á kröfugerð í máli þessu, heimil og eigi ekki að leiða til frávísunar.

Svo sem greint hefur verið frá, gera stefnendur þær dómkröfur aðallega, „að dæmt verði, að botn Mývatns og botnsverðmæti öll séu hluti af landareignum þeirra aðilja, sem lönd eiga að Mývatni, í óskiptri sameign þeirra, og að engir aðrir en þeir eigi þar eignaraðild“.

Í kröfu stefnenda er eigi tilgreind hlutfallstala hverrar landareignar í sameignarrétti þeim, sem krafist er viðurkenningar á. Hér er því um að ræða sameiginlega heildarkröfu vegna allra jarðaeigenda og ábúenda um óskiptan sameignarrétt að botni og botnsverðmætum alls vatnsins. Að mati dómsins fær slík kröfugerð því aðeins staðist, að stefnendur allir séu samþykkir og eigi aðild að henni.

Í bókun umboðsmanns ríkissjóðs, dags. 5. ágúst 1972, dskj. nr. 168, er því lýst yfir, að prestsseturshluti Skútustaða, sem er ríkis-

eign, „geti ekki verið samaðili að slíkri kröfugerð, að því er til netlaganna tekur“, og er hér átt við netlög eins og þau eru skilgreind í 4. gr. vatnalaga nr. 15 frá 1923. Í bókun þessari felst annars vegar, að ríkissjóður gerir ekki kröfu til eignar botnsvæða í netlögum annarra jarða við Mývatn en Skútustaða, og hins vegar, að hafnað er sameignartilkalli annarra jarða í netlög þeirrar jarðar.

Þessi afstaða er ítrekuð og staðfest með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til lögmanns ríkissjóðs, dags. 4. október 1972, dskj. nr. 169.

Þykja hér tekin af öll tvímæli um það, að ríkissjóður sem með eigandi Skútustaða sé ekki aðili að sameignarkröfunni, að því er netlögin varðar, en með gagnaöflunarúrskurði, uppkveðnum hinn 29. júní 1972, var aðiljum gefinn kostur á að tjá sig greinilega um það, hvort allir eigendur og ábúendur óskuðu fyrirvaralaust eftir því að taka þátt í eignardómsmáli þessu á grundvelli ofangreindrar kröfugerðar stefnenda.

Þrátt fyrir ákvæði 46. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85 frá 1936 telur dómurinn ekkert mundi hafa verið því til fyrirstöðu, að aðrir eigendur og ábúendur jarða við Mývatn en ríkissjóður gætu leitað dómsúrlausnar um sinn hluta hugsanlegs sameignarréttar að botni Mývatns.

Krafa stefnenda tekur hins vegar til heildarsameignar að vatnsbotninum, þ. á m. til hlutdeildar ríkissjóðs vegna Skútustaða í slíkum hugsanlegum sameignarrétti, en ríkissjóður hefur samkvæmt framansögðu ekki veitt stefnendum heimild til slíkrar kröfugerðar.

Ber því, eins og kröfugerð stefnenda er háttað, að vísa aðalkröfu þeirra frá dómi ex officio.

Undir rekstri málsins gerðu varnaraðiljar, réttarkrefjendurnir ríkissjóður Íslands og Skútustaðahreppur og eigendur og ábúendur lögbýla í Mývatnssveit, sem ekki eru taldir eiga lönd að Mývatni, kröfur um, að aðiljum þessum, hverjum um sig, yrði tildæmdur botn Mývatns utan netlaga einstakra jarða ásamt öllum verðmætum í, á eða undir botninum.

Þar sem varnaraðiljar hafa eigi fullnægt ákvæðum XIX. kafla laga nr. 85/1936 um útgáfu og birtingu opinberra stefna, þykja þeir ekki geta öðlast sjálfstæðan eignardóm. Að mati dómsins skiptir hér ekki máli, þótt eignardómskröfur varnaraðilja séu efnislega þær sömu og stefnenda, þar sem sóknaraðildin ein sér getur verið sjálfstæð ákvörðunarástæða þriðja aðilja um það, hvort hann tek-

ur til varna í eignardómsmáli. Af þessum sökum og með hliðsjón af 113. gr. laga nr. 85/1936, sbr. það, sem að framan segir um breytingar á upphaflegum stefnukröfum í eignardómsmálum, þykir bera að vísa sjálfstæðum eignardómskröfum ríkissjóðs, Skútustaðahrepps og eigenda og ábúenda lögbýla í Mývatnssveit, sem ekki eru talin eiga lönd að Mývatni, frá dómi ex officio.

Málskostnaður ákvarðast ekki í þessum þætti málsins, þar sem efnisatriði varakröfu stefnenda hvíla, á meðan málskotsfrestur líður eða þar til þessi þáttur málsins fær úrlausn æðra dóms, enda í samræmi við vilja allra málsaðilja.

Dómsorð:

Aðalkröfu stefnenda um, að dæmt verði, að botn Mývatns og botnsverðmæti öll séu hluti af landareignum þeirra aðilja, sem jarðir eiga að Mývatni, í óskiptri sameign þeirra, og engir aðrir en þeir eigi þar eignaraðild, er vísað frá dómi.

Kröfum réttarkrefjenda, ríkissjóðs Íslands, Skútustaðahrepps og eigenda og ábúenda lögbýla í Mývatnssveit, sem ekki eru talin eiga lönd að Mývatni, um, að þeim verði hverjum um sig tildæmdur botn Mývatns utan netlaga einstakra jarða ásamt öllum verðmætum í, á og undir botninum, er einnig vísað frá dómi.

Ákvörðun um málskostnað bíði efnisdóms í málinu.
